



## Fundargerð

**466. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, fimmtudaginn 21. október 2021, kl. 15:00.**

### Fundinn sátu:

Eva Björk Harðardóttir, Arndís Jóhanna Harðardóttir, Bjarki Guðnason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jón Hrafn Karlsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Katrín Gunnarsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundargerð er tölvuskráð og er 10 bls. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt á Youtube. <https://www.youtube.com/watch?v=YnQBVU21R3g>

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá að við málefnskrá bætist:

II. Málefni til umfjöllunar

15. Breyting á leyfi. Bjarki Guðnason, dags. 19.10.2021

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum.

14. september íbúafundur í Ásahreppi vegna mögulegrar sameiningar

15. september íbúafundur í Rangárþingi ytra vegna mögulegrar sameiningar

20. september stjórnarfundur Bergisans bs.

28. september fundur samstarfsnefndar Sv. Suðurlands

28. september 15. fundur vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags

1. október vinnustofa á Hellu hjá starfshópi um stafrænt Suðurland

6. október ráðstefna FENÚR

6. október ársfundur Jöfnunarsjóðs

7. - 8. október Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

11. október vinnufundur sveitarstjórnar með formönnum nefnda og forstöðumönnum

12. október fundur í fjárhagsnefnd fyrir ársþing SASS

13. október stjórnarfundur Eldvilja ehf

14. október aðalfundur HULU bs

14. október fundur í fjárhagsnefnd fyrir ársþing SASS

14. október forstöðumannafundur

15. október vinnufundur sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar

15. október lokafundur samstarfsnefndar sv. Suðurland á Hvolsvelli

20. október svæðisráð Vestursvæðis VJÞ

Þessa dagana stendur yfir úttekt skoðunaraðila frá EGN á Kötlu jarðvangi. Úttektaraðilar heimsóttu Skaftárhrepp þann 21. október.



## Fundargerðir til samþykktar

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

1. 2110004F - Rekstrarnefnd - 133
  - 1.1 2110008 - Gróðurskáli - byggingarnefnd

### Niðurstaða Rekstrarnefnd - 133

Rekstrarnefnd tekur undir hugmyndina og vísar henni til sveitarstjórnar til frekari afgreiðslu.

Sveitarstjórn þakkar Herði Davíðssyni frumkvæðið. HGÁ, JHK og AH samþykkja að skipuð verði byggingarnefnd um gróðurskálann og tilnefni Jón Hrafn Karlsson fyrir sína hönd í nefndina. Sveitarstjóra falið að senda erindi til annarra aðila um tilnefningu og kalla nefndina saman í framhaldinu til fyrsta fundar. KG situr hjá við afgreiðslu málsins.

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

2. 2110002F - Skipulagsnefnd - 169
  - 2.1 1710004 - Virkjun í Hverfisfljóti

### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 169

Afstaða fulltrúa D-lista í skipulagsnefnd, þeirra KG, RÞG og JAJ er eftirfarandi:

"Famkvæmd þessi mun skapa fjölmörg störf á byggingartíma virkjunarinnar sem mun taka nálægt tveimur árum.

Að byggingartíma loknum munu varanleg störf vera tvö til þrjú. Þar til viðbótar koma afleidd störf. Það er eitt af megin hlutverkum hverrar sveitastjórnar að tryggja atvinnu í sveitarfélaginu og skapa ný störf, þetta er forsenda þess að byggð haldist áfram blómleg til langrar framtíðar.

Loftlínur á þessu svæði eru orðnar gamlar og þar að auki fulllestaðar þannig að frekari uppbygging atvinnulífs á svæðinu verður stöðugt erfiðari.

Erfitt verður að þjónusta rafmagnsbíla með hleðslustöðvum ef ekki kemur til aukið rafmagn á svæðinu. Fyrirhuguð orkuskipti ökutækja sem stjórnvöld stefna að eru óframkvæmanleg hvað þetta svæði varðar að óbreyttu. Þess má geta að hraðhleðslustöð tekur 150 kw.

Umhverfisáhrif virkjunarinnar eru mjög lítil. Ekki mun safnast fyrir framburður í farvegi né í kring og við hönnun á virkjuninni er gert ráð fyrir að framburði verði skolað niður ána jafnóðum um sérstaka botnrás Rennslisbreytingar verða með þeim hætti að rennsli minnkar svolítið á virkjuðum kafla að öðru leyti munu rennslissveiflur vera með sama hætti og þær hafa verið síðustu árhundruð.

Vegalagning sem fylgir þessari framkvæmd mun falla vel inn í landslagið, bæta aðgengi að svæðinu um ókomna framtíð og gera fólki



mögulegt að nálgast það fallega landslag sem þarna er að finna. Í því liggja tækifæri fyrir ferðaþjónustuna ásamt því að dreifa álagi á fjölsóttu ferðamannastaði í Skaftárhreppi.

Það má öllum ljóst vera að þessi virkjun mun skapa það öryggi í raforkumálum sem nauðsynlegt er fyrir svæðið og tryggja að eðlileg uppbygging geti átt sér stað.

Það er rétt að geta þess Skaftfellingar eru frumkvöðlar á Íslandi í vatnsvirkjunum bæði smíði og uppsetningu minni virkjana."

Afstaða fulltrúa Z-lista í skipulagsnefnd er eftirfarandi:

Athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi

Til að fara gegn umsögn Skipulagsstofnunar í skipulagsmálum þarf sveitarstjórn að rökstyðja ákvörðun sína með haldbærum rökum. Hefur það ekki verið gert í þessari aðalskipulagsbreytingu og hafnar Z-listinn því skipulagstillögunni. Fyrirséð er að með ákvörðun sinni fái sveitarfélagið á sig kærur og gæti jafnvel orðið skaðabótaskyld.

Athugasemdir okkar við rökum meirihluta sveitarstjórnar eru þessar sbr 3. kafla um afstöðu sveitarstjórnar :

1) Z-listinn: Hvergi í deiliskipulagslýsingu kemur fram hvort virkjunin skapi störf innan svæðisins eftir framkvæmdatíma og er þessi fullyrðing því marklaus. Í frummatsskýrslunni segir að á rekstrartíma verði fáein viðvarandi störf við virkjunina án þess að það sé skýrt nánar. Í frummatsskýrslu um Einbúavirkjun sem er álíka virkjun segir að að jafnaði verði um tvö stöðugildi til vegna reksturs þeirrar virkjunar, þ.e. vel getur verið um árstíðabundin störf að ræða og/eða störf sem sinnt er frá öðru landshorni.

2) Z-listinn: Virkjunin mun ekki hafa áhrif á núverandi loftlínur þar sem hún mun tengjast inn á spennustöðina í Prestsbakkavelli. Í deiliskipulagslýsingu segir að samhliða fyrirhugaðri virkjun og tengingu hennar við flutningskerfið muni RARIK styrkja dreifikerfi raforku á svæðinu. Eru þessi málefni því ótengd.

3) Z-Listinn: Samkvæmt umsögn Landsnets er heildarorkunotkunin í dag í Skaftárhreppi 21,9 GWh og afltoppurinn er 4,4 MW. Í kerfisáætlun Landsnets er stefnt að, að afhendingargeta við Prestbakka verði 30 til 70 MW fyrir árslok 2029. Samkvæmt raforkuspá er gert ráð fyrir að hámarks aflnotkun verði í kringum 5,5 MW árið 2060 eða 27,6 GWh.

4) Z-listinn: Ekki er hægt að segja að umhverfisáhrif virkjunarinnar séu lítil sbr umsagnir Skipulagsstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og fleiri aðila eins og margoft hefur komið fram.

5) Z-listinn: Samkvæmt deiliskipulagslýsingu er niðurstaða umhverfismats að áhrif virkjunarinnar á ásynnd svæðisins verði talsvert neikvæð og tekur Skipulagsstofnun sérstaklega fram að Skaftáreldahraun hefur hátt verndargildi og er það óháð útliti framkvæmda sem þar eru. Áhrif á ferðaþjónusta og útivist eru talin talsvert neikvæð á núverandi ferðaþjónustu. Hún gæti haft nokkuð jákvæð áhrif í framtíðinni en það er alls óráðið.

6) Z-listinn: Vitna má í umsögn Landsnets og RARIK þar sem segir: „Afhendingarstaður Landsnets í Skaftárhreppi er á Prestsbakka og er hann nokkuð vel tengdur flutningskerfinu með tveimur 132 kV flutningslínunum. Hins vegar er fyrirkomulagið í tengivirkinu á Prestsbakka





með þeim hætti að ekki er fullt N-1 öryggi á staðnum þ.e. ef önnur línan fer út þá fer hin líka sem veldur algjöru straumleysi. Verði virkjunin hæf til eyjarekstrar þ.e. getur framleitt án þess að tengjast öðru raforkukerfi, myndi hún fyrst og fremst koma að gagni þegar að afhending Landsnets á Prestbakka er ekki til staðar“.

Í deiliskipulagslýsingu kemur hvergi fram hver árleg orkugetu virkjunarinnar er (gefið upp í GWSt/ári) aðeins er greint frá uppsettu afli virkjunarinnar (mælt í MW). Hins vegar kemur fram að loka þurfi rennsli til Hnútuvirkjunar í allt að tvo mánuði á ári vegna aurskolunar. Þ.e. yfir sumarmánuðina (líklegast í júlí og ágúst sbr frummatskýrsla) og að stoppa þurfi virkjunina í allt að hálfan dag á óreglulegum tíma, háð aurburði í ánni, gera má ráð fyrir að þessar skolanir verði allt að 20 sinnum á ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun var vetrarrennsli í Hverfisfljóti árið 1953 og 1961 frá 4,8 til 5,3 m<sup>3</sup>/s. Ef miðað er við 5 m<sup>3</sup>/s og ef fallið er um 100 m fást um 5 MW. Í frummatskýrslu er ekki nefnt hve mikið vetrarrennslið er, en talað um "áætlað hlaupandi mánaðarmeðalrennsli" og talið að það geti farið niður fyrir 10 m<sup>3</sup>/s. Í frummatskýrslu kemur fram að frá 1981 til 2005 hafi rennismælingar verið við brú á þjóðvegi en hafi mælingar gengið illa vegna mikils aurburðar og breytinga á árfarvegi og hugsanlegt að á tímum sé mælt rennsli meira en raunverulegt rennsli. Þar er meðalrennsli við brú yfir vetrar- og vormánuði áætlað 10-15 m<sup>3</sup>/s. Ljóst er að mikil óvissa er í þessum tölum og sveiflur á vatnsmagni miklar.

Svo óregluleg raforkuframléiðsla getur varla verið hentug til eyjareksturs.

7) Nokkrir Skaftfellingar sýndu mikla framsýni, hugvit og drifkraft þegar þeir hófu að smíða túrbínur og virkja bæjarlækina á fyrrihluta tuttugustu aldar og færðu þannig ljós og yl í bæina. Að líkja þeirra starfi saman við innfluttar vélasamstæður, stórtækar vinnuvélar og óafturkræfar framkvæmdir til að seðja óseðjandi hungur stóriðju og gróðahyggu er í hæsta máta ósmekklegt.

Uppfærðar hafa verið bæði greinargerð og uppdráttur ASK breytingar sem og greinargerð og uppdráttur DSK tillögunnar að teknu tilliti til umsagna og athugasemda.

Fulltrúar D-lista þau KG, RÞG og JAJ leggja til við sveitarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt og fái málsmeðferð skv.32.gr skipulagslaga nr. 123/2010

Fulltrúar D-lista þau KG, RÞG og JAJ leggja jafnframt til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt og fái málsmeðferð skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fulltrúar Z-lista þau BKG og JBJ hafna afgreiðslu dsk og vísa í framkomnar bókanir.

Skipulagsnefnd leggur á það áherslu að svör við athugasemdum og umsögnum séu skýr og greinileg.

**EBH, KG og JHK samþykkja afgreiðslur KG, RÞG og JAJ. HGÁ og AH staðfesta afgreiðslur BKG og JBJ.**



- 2.2 1901004 - Þétting byggðar á Kirkjubæjarklaustri

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 169**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingin verði auglýst skv. 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

- 2.3 1603012 - Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 169**

JAJ, RÞG, BKG, JBJ samþykkja stöðuleyfi til 1 árs.

KG situr hjá við afgreiðslu málsins.

**EBH, HGÁ, AH og JHK staðfesta afgreiðslu nefndarinnar. KG situr hjá við afgreiðsluna**

- 2.4 2110001 - Umsókn um námuleyfi í Skaftá

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 169**

Fyrir liggur samþykki landeiganda.

Fyrir liggur umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 20.júní 2020

JAJ, RÞG, BKG og JBJ samþykkja erindið.

KG situr hjá við atkvæðagreiðsluna.

**EBH, HGÁ, AH og JHK staðfesta afgreiðslu nefndarinnar. KG situr hjá við afgreiðsluna**

- 2.5 2110002 - Framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun brúar á Skaftá við Skál

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 169**

Skipulagsnefnd samþykkir erindið

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

- 2.6 2110003 - Stöðuleyfi lðjuvöllum 7b

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 169**

Skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi til 1 árs.

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar**

**Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu þessa liðar og vikur af fundi. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir tekur við stjórn fundarins.**

- 2.7 2109007 - Skriðuvellir 19 - Leitað umsagnar á teikningum vegna frávika

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 169**

Skipulagsnefnd vill áréttta eftirfarandi:

Hámarksbyggingarmagn skv. dsk er 300 m2.



Mænisstefna skal vera skv. dsk.  
Fjöldi bílastæða skal vera skv. greinargerð dsk eða 2 bílastæði pr.  
íbúðareiningu  
Landhalli/landhæð skal sýnd á sniðmyndum með afgerandi hætti.  
Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.  
**HGÁ, KG, JHK og AH staðfesta afgreiðslu nefndarinnar**

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.  
Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

- 1910014 - Niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaganna
3. Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps
- Laugardaginn 25. september 2021 var kosið um tillögu um sameiningu Ásahrepps, Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings ytra og Rangárþings eystra. Kosningarnar fóru fram samhliða kosningum til Alþingis. Tillagan var samþykkt af meirihluta íbúa í fjórum sveitarfélögum, en felld í Ásahreppi.*

**Sameiningartillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta í Skaftárhreppi þar sem 75% kusu með sameiningu. EBH, JHK, HGÁ og AH óskar eftir að farið verði í formlegar sameiningarviðræður við Mýrdalshrepp, Rangárþing eystra og Rangárþing ytra. Sveitarstjóra falið að senda erindi þess efnis. KG situr hjá við afgreiðslu málsins.**

4. 2110004 - Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2022-2025 - fyrri umræða
- Við fyrri umræðu hefur verið tekið tillit til beiðna frá forstöðumönnum og nefndum. Rekstramiðurstæða 2022 gerir ráð fyrir 318 þús.kr í rekstrarafgang. Rekstraráætlun 2023-2025 er miðuð við vísitölubreytingar samkvæmt þjóðhagsspá. Fjárfestingar ársins 2022 verða 96 millj. sem fjármagnaðar verða að stærstum hluta með lántökum.*

**Sveitarstjórn samþykkir að vísa fjárhagsáætlun 2022-2025 til síðari umræðu.**

5. 2102018 - Orustustaðir, krafa um lagfæringu á vegi. Landslög fh. Hreiðars Hermannssonar, dags.13.10.2021
- Fyrir fundinum liggur erindi fh. Hreiðars Hermannssonar þar sem skorað er á sveitarfélagið ráðast strax í lagfæringar á slóða að Orustustöðum. Er þess krafist að tímasett áætlun um lagfæringar slóðans liggi fyrir innan 10 daga frá dagsetningu bréfsins. Að öðrum kosti muni landeigandi Orustustaða framkvæma lagfæringu slóðans á kostnað sveitarfélagsins.*

**Fyrir fundinum liggur álit lögfræðings sveitarfélagsins Antons B. Markússonar vegna málsins. Skaftárhreppur hefur ekki forræði á vegslóðanum sem kröfugerð bréfitara vísar í sem helgast af því að hann liggur í gegnum landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigendur landsins fara með öll venjuleg eignarráð innan marka þess,**

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'EBH', 'JHK', 'HGÁ', and 'AH'.*





**þ.m.t. afstaða til vegaf framkvæmda. Um viðhald og hagnýtingu einkavegar gilda allt önnur lög málin en um veglínun samkvæmt deiliskipulagi. Er því ekki unnt að verða við þeirri áskorun sem fram kemur í bréfinu um Skaftárhreppur ráðist í lagfæringu vegslóðans. Sveitarstjórn felur lögmanninum að svara erindinu fyrir sína hönd.**

6. 2110005 - Læsisstefna Skaftárhrepps  
*Læsisstefna Skaftárhrepps var samþykkt í sveitarstjórn þann 15. maí 2018.*  
**Sveitarstjórn felur fræðslunefnd að skoða hvort þörf sé að uppfæra læsisstefnuna.**
7. 1706012 - Menntastefna Skaftárhrepps 2016-2020  
**Sveitarstjórn felur fræðslunefnd að yfirfara og uppfæra menntastefnu Skaftárhrepps.**
8. 2110009 - Leigusamningur vegna skrifstofuaðstöðu í þekkingarsetri Kirkjubæjarstofu að Klausturvegi 4  
*Leigugjald á fermetra er 2.300 kr fyrir skrifstofuaðstöðu en 1.000 kr. fyrir sameign í kjallara. Leigutaki tekur hlutfallslega þátt í sameiginlegum rekstrarkostnaði. Innifalið í sameiginlegum rekstrarkostnaði er rafmagn og hiti, ræsting og hreinlætisvörur, ljósleiðari og tækjabúnaður, tækjaleiga vegna prentunar og umsjónarkostnaður.*  
**Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að leigusamningi Kirkjubæjarstofu og Skaftárhrepps vegna aðstöðuleigu að Klausturvegi 4, 2. hæð. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu.**
9. 2110006 - Umsagnarbeiðni - umsókn Sönghóls ehf. kt.5207211850 um rekstrarleyfi til gististaðar í flokki II-D fyrir F2190992, F2190995, F2190994. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 22.09.2021  
**Sveitarstjórn hafnar veitingu leyfisins þar sem það samræmist ekki núgildandi skipulagi svæðisins.**

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir vara oddviti tekur við stjórn fundarins.

10. 2110010 - Beiðni um lausn frá nefndarsetu. Þorsteinn M. Kristinsson, dags. 18.10.2021  
*Þorsteinn M. Kristinsson óskar eftir lausn frá nefndarsetu fyrir sveitarstjórn Skaftárhrepps vegna flutnings úr sveitarfélaginu.*

**Sveitarstjórn þakkar Þorsteini fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins undanfarin ár og óskar honum velfarnaðar.**

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.



11. 2110007 - Forvarnargildi Vináttuverkefni Barnaheilla gegn einelti. Háskóli Íslands-Menntavísindasvið, dags. 21.09.2021

*Menntavísindasvið Háskóla Íslands vinnur að rannsókn um forvarnargildi Vináttuverkefni Barnaheilla gegn einelti. Óskað er eftir leyfi sveitarfélagsins til að senda spurningalista til leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila þar sem leitað er eftir svörum við því hvort unnið sé með Vináttuverkefni Barnaheilla gegn einelti og hvort það hafi forvarnargildi í starfi að mati svarenda.*

**Sveitarstjórn þakkar erindið og veitir leyfi fyrir að spurningalistar verði sendir á leik- og grunnskóla.**

Eva Björk Harðardóttir óskar eftir því að Heiða Guðný Ásgeirsdóttir varaoddviti stýri fundi undir næsta lið. Sveitarstjórn samþykkir breytingu á fundarstjórn

12. 2110011 - Beiðni um lausn frá setu í sveitarstjórn og nefndum. Eva Björk Harðardóttir, dags. 19.10.2021

*Eva Björk Harðardóttir oddviti óskar eftir lausn frá setu í sveitarstjórn, nefndum og stjórnnum fyrir Skaftárhrepp vegna flutnings úr sveitarfélaginu.*

**Eva Björk Harðardóttir óskar bókuar;**  
Ég hverf nú frá störfum oddvita fyrir Skaftárhrepp með þakklæti í hjarta fyrir þau tæpu átta ár sem ég hef notið þeirra forréttinda að fá að vinna fyrir sveitunga mína og Skaftárhrepp. Þessi ár hafa verið lærdómsrík fyrir mig og mun ég búa að þeirri reynslu til framtíðar. Ýmislegt hefur áunnist en margt er enn óunnið og um leið og ég þakka sveitarstjórn fyrir samvinnuna, óska ég henni og sveitungum mínum alls hins besta í framtíðinni og þakka fyrir mig.

**Sveitarstjórn þakkar Evu Björk fyrir óeigingjarnt starf í þágu sveitarfélagsins og óskar henni velfarnaðar.**

Eva Björk Harðardóttir tekur aftur við stjórn fundarins.

13. 2110004 - Beiðni um kaup á girðingarefni. Hörður Eypórsson fh. fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafréttar. dags. 19.10.2021

*Hörður Eypórsson fh. fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafréttar óskar eftir því að fjármagn verði sett í kaup á girðingarefni til lagfæringar á afréttargirðingu við Á og Skál.*

**Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til vinnu við síðari umræðu um fjárhagsáætlun 2022-2025.**

14. 2110012 - Drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu til umsagnar

*Drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu er opin til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda til 22. október 2021. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja sjálfbæra nýtingu í samræmi við markmið laga nr. 155/2018 um landgræðslu.*

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HBJ', 'HGA', and 'HKA'.*





Sveitarstjórn hvetur Landgræðsluna til samstarfs við sauðfjárþændur og heimamenn varðandi skilgreiningu á því landi sem telst til nýtingarlands á hverju svæði ásamt nýtingarhlutfalli. Sveitarstjórn óskar eftir því að reglugerðin og áhrif hennar verði kynnt sveitarstjórn og fjallskilaneftum. Sveitarstjóra falið að óska eftir slíkri kynningu.

15. 2109016 - Beiðni um leyfi. Bjarki Guðnason, dags. 19.10.2021

*Bjarki Guðnason óskar eftir að taka aftur sæti í sveitarstjórn og nefndum á vegum Skaftárhrepps frá 22. október 2021*

**Sveitarstjórn þakkar erindið og býður Bjarka velkomin aftur til starfa**

#### Fundargerðir til kynningar

16. 1801013 -

*Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands, dags. 12.05.2021*

*1. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, dags. 07.06.2021*

*2. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, dags. 14.06.2021*

*15. fundur vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps, dags. 28.09.2021*

*105. fundur menningarmálanefndar, dags. 13.10.2021*

*214. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 01.10.2021*

*Fundur kjörstjórnar Skaftárhrepps, dags. 15.10.2021*

*91. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 22.09.2021*

*38. fundur umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 08.10.2021*

*106. fundur menningarmálanefndar, dags. 18.10.2021*

*21. verkfundur uppbyggingar þekkingarseturs, dags. 25.06.2021*

*22. verkfundur uppbyggingar þekkingarseturs, dags. 20.08.2021*

*23. verkfundur uppbyggingar þekkingarseturs, dags. 26.08.2021*

#### Fundargerðir kynntar

#### Annað kynningarefni

17. 1801013 -

*Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2021. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 16.09.2021*

*Þátttaka og framlög til stafræns samstarfs sveitarfélaga 2022. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 07.10.2021*

*Breyting á reglugerð 12/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dags. 11.10.2021*

*Veraldarvinir - Strandverðir Íslands. Veraldarvinir*

*Staða jafnlaunavottunar hjá sveitarfélögum. Afrit af erindi Jafnréttisstofu til Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13.09.2021*

*Vindorkugarður að Grímsstöðum í Meðallandi, Skaftárhreppi - Álit um matsáætlun. Skipulagsstofnun, dags. 29.09.2021*

#### Kynnt

*[Handwritten signatures and initials]*



Næsti fundur sveitarstjórnar er áætlaður fimmtudaginn 11. nóvember 2021.


Fundargerð lesin upp og samþykkt.


Fundi slitið kl. 16:51.

  
Eva Björk Harðardóttir

  
Arndís Jóhanna Harðardóttir

  
Jón Hrafn Karlsson

  
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

  
Katrín Gunnarsdóttir